

Dalalæðan

1. tbl. 37. árg. 25. mars 2024



AÐALFUNDUR VÍGHÓLS

Verður haldinn í Reykjadal
fimmtudaginn 18. apríl klukkan 20:00

Dagskrá:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla stjórnar lögð fram.
3. Reikningar lagðir fram til samþykktar.
4. Lagabreytingar.
5. Ákvörðun félagsgjalds.
6. Kosning stjórnar.
7. Önnur mál

Stjórn Víghóls

LEIÐARI

Halla Fróðadóttir formaður Vighóls

*Söngfuglar fagrir og söngfuglamergð
Alltaf eru þær frænkur mínar seint og síðbúnar á ferð
Já góði minn*

Höf.óþekktur

Dalalæðan er eins og frænkurnar, seint og síðbúin á ferð þetta árið.

Kuldi og snjó einkenndu byrjun ársins 2023. Það skall á með stormi rétt fyrir jólin og allt fór á kaf. Samkvæmt veðurstofunni var janúarmánuður sá kaldasti hingað til þessa öld, á landsvísi. Badda fannst þetta náttúrlega alveg æðislegt og það til Guðs að veturinn í ár yrði eins snjóþungur en sem betur fer rættist ekki óskin sú.

Enn frestar Vegagerðin þeim framkvæmdum sem var lofað til úrbóta Þingvallavegar og hefur Vegagerðin nú fært framkvæmdina til ársins 2027. Mosfellsbær sendi Vegagerðinni erindi nú í haust og lýsti yfir óánægju með að ekki hafi enn verið staðið við þessar framkvæmdir. Vegagerðin hefur ekki enn svarað því erindi. Við viljum síður biða eftir öðru stórslysi á Þingvallaveginum og skorum á Vegagerðina að drífa nú í þessu!

Dalalæðan

1. tbl. 37. árg. 25. mars 2024

Útgefandi: Íbúasamtökin Vighóll Mosfellsdal

Ritstjórar og ábyrgðarmenn:

Halla Fróðadóttir og Sigríður Rún Kristinsdóttir

Auglýsingar:

Halla Fróðadóttir og Sigríður Rún Kristinsdóttir

Forsíðumynd: adobe Firefly

Umbrot: Sigríður Rún Kristinsdóttir

Prentun: PIXEL Prentþjónusta

Prófarkalestur: Halla Fróðadóttir

Dalalæðan er prentuð í 250 eintökum.

Blaðið er borið út á hvert heimili í Mosfellsdal og einnig sent til brottfluttra dalbúa.

Þrátt fyrir vanefndir Vegagerðarinnar hefur lífið í Mosfellsdalnum verið blómlegt. Minna-Mosfell Guesthouse opnaði að nýju á árinu sem varð til þess að Sigga Rún fór með krakkana í langþráða tjaldútilegu í garðinn heima sem stóð yfir í 4 mánuði.

Að venju var mikið um dýrðir á markaðnum í Mosskógum í sumar. Slegist var um brakandi ferskt grænmeti, silung, rósir og eitthvað gott og framandi í gogginn. Svo margt var um manninn að suma daga myndaðist umferðaröngþveiti sem gladdi marga.

Í Dalalæðunni 2019 var haft eftir Hreini í Helgadal (sem verður níræður í ár!) að allt undir 150 kindum á fóðri væri sportbúskapur og borgaði sig engan veginn, og því lýst yfir að sauðfjár búskapur hefði runnið sitt skeið á enda hér í dalnum. Hugsjónin ein hvetur þó menn áfram í fjár búskapnum og héldu menn uppá heiði að morgni dags í september og smöluðu þeim skjátum sem þar var að finna ásamt því að fá sér einn perlandi og fara með klámvísur. Þó svo að fleiri smalar en kindur hafi vappað niður af heiðinni þetta árið þá er þetta alltaf sama góða stemningin.

Hafberg og Hauður í Lundi buðu öllum dalnum, vinum þeirra og vinum þeirra líka í Októberfest. Snitsel, bratwurst og sauerkraut ásamt víni og veigum eins og hver vildi. Okkar bestu konur og menn mættu blýspert í lederhosen og skemmtu sér sem aldrei fyrr.



Við kvöddum síðan árið í brakandi blíðu með stórkostlegri áramótabrennu. Allsherjar tiltekt var á mörgum bæjum og öllu brennanlegu skutlað á eldinn. Það hafa orðið kynslóðaskipti í brennu-stjórninni og nú er Hvolpasveitin tekin við starfinu af gömlu köllunum. Þessu stjórnaði sveitin með miklum glæsibrag.

Glöggir menn, konur og kvár tóku eftir að Kela í Túnfæti vantaði í Brak og Besti, en hann og Diddú höfðu skellt sér til Kanarí um áramótin. Það varð uppi fótur og fit í bandinu en Bjarki á Hvirfli og Örn Kærnested yngri komu málunum til bjargar og blésu í sönglúðra. Af fésbókinni að dæma dauðsá Keli náttúrlega eftir þessu öllu saman og lofaði að þetta kæmi ekki fyrir aftur.

FYRIRTÆKI TIL FYRIRMYNDAR

Bræðurna Gísla í Dalsgarði og Nonna í Mosskógum þekkja allir, enda engir nýgræðingar þar á ferð og vekja athygli hvar sem þeir stíga niður fæti. Í ágúst síðastliðnum tóku þeir á móti Umhverfisverðlaunum Mosfellsbæjar sem fyrirtæki til fyrirmyndar. Mosskógar fyrir flott framtak við rekstur útmarkaðar og góða aðstöðu fyrir ferðamenn og Dalsgarður fyrir framfarir og áherslu á ræktun blóma, sumarblóma og umhverfismála.



Nonni og Gísl

ljósm. Mosfelllingur

HEIM Í HEIÐARDALINN

Sunna Logadóttir, Selvangi

Þegar ég kom út úr flugstöðinni í Keflavík tók hrollkalt loftið á móti mér. „Það er ekki búandi í þessu landi,“ hvæsti ég milli glamrandi tannanna. Ég hafði dvalið í Úganda, miðbaugsríkinu sólríka, í þrjá mánuði og það eina sem lokkaði mig heim var sú staðreynd að barnabarn var á leiðinni.

Rúmlega hálfu ári seinna sat ég í húsinu mínu í jaðri Mosfellsheiðar. Úti var 6 gráðu frost og snjór yfir öllu. Ég brosti út að eyrum enda alsæl. Því þetta er heima. Selvangur. Staðurinn sem ól mig upp. Ég ber þess enn líkamleg merki. Ævinlega með rósrauðar kinnar eftir barning alla barnæskuna við hávaðarok og blindandi skafrenning. En þetta var mitt rok og minn skafrenningur. Sem kaffærði vissulega húsin, bílana og vegina í glerhörðum sköflum en breiddi líka verndandi voð yfir jarðveginn og trén. Því svo kom sólin alltaf yfir Grímannsfellið á ný. Veturinn gaf smám saman eftir og að lokum kom vorið.



Flutningurinn að Selvangi árið 1974.
Logi Jónsson lengst til hægri.

Foreldrar mínir, Logi Þórir Jónsson og Helga Lára Hólm, fluttu á Selvang sumarið 1974. Þá var ég nokkra mánaða og nú, tæplega hálfri öld síðar, er þessi jörð orðin mín.

Hvers vegna flytur maður úr hinum virðulegu Hlíðum Reykjavíkur upp á heiði? Hvers vegna yfirgefur maður stað þar sem „allt er í göngufæri“ og dæmir sjálfan sig til að keyra tæpar tvær klukkustundir á dag til og frá vinnu?

Svarið er ofur einfalt: Víðáttan. Náttúran. Til þess að búa aftur með Móskarðshjúkana og Helgufoss í bakgarðinum í stað túristakúlu sem snýst ofan á vatnstönkum. Til að feta aftur stíginn hennar mömmu upp að Leirtjörn í stað þess að þramma gangstéttar. Þetta er stígurinn sem hún hóf að troða með hundinum Bangsa og ég geng nú með Stjörnu. Til að geta gjóað augunum yfir Reykjavík út um eldhúsgluggann yfir uppvaskinu en í skjóli frá borgarniðnum. Til að fylgjast með smáfuglum. Gefa krummanum. Sinna hænum og hlúa að gróðri. Til þess að fá gesti sem koma án þess að gera boð á undan sér. Til að sýna barnabörnunum allt sem ég átti áður og er nú þeirra: Lautina með blágresinu. Álfasteinana í móanum. Ævintýraland æsku minnar.

Það hefur ýmislegt breyst. Helgufoss er orðinn vinsæll samkomustaður „áhrifa-valda“ og gömlu húsin í Seljabrekku, sem Guðmundur Þorláksson og Bjarnveig Guðjónsdóttir – „afi og amma“ allra barna heiðarinnar – byggðu áður en lýðveldið Ísland varð til, hafa vikið fyrir nýjum. Þung umferð rúta með ferðamenn er allan ársins hring á Þingvallaveginum sem ég áður valsaði óhrædd um og



Vetrarríki á Selvangi. Ef vel er að gáð sjást Sunna og Stjarna á ferð.

plokkaði baggalúta upp úr þá nýlögðu malbikinu. Þeir ryðja veginn samviskusamlega fyrir túristana, eitthvað sem þeir voru ekki tilbúnir að gera fyrir heildarþúana á árum áður. Þá beið lítil stúlka í snjóbyl og myrkri eftir skólarútnunni og leitaði skjóls í ræsi undir veginum.

En sumt hefur ekkert breyst. Duna og Dóri eru enn í Melkoti. Halla Fróða í Dalsgarði. Póri í Laxnesi. Baddi á Hraðastöðum. Sveitastemning Mosfellsdalsins er enn við lýði þrátt fyrir að land hafi verið brotið undir fleiri hús. Fyrir fleira fólk. Fólk eins og mig sem sækir í kyrrðina. Fegurðina.

Sunna Logadóttir

SVEITASÆLAN 2024

SKRÁNING
HAFIN

Húsdýragarðurinn á Hraðastöðum býður krakka velkomna í sumar að njóta sveitasælunnar.

Nánar á **HRADASTADIR.IS**

Gandur ehf.

Öll almenn járnsmíði
og vélaviðgerðir

Sími 696 8523

Hrossaræktunarbúið ÓLAFSHAGI

...á horninu

MOSFELLINGUR ÁRSINS 2023



Halldór Laxness Halldórsson

ljósm. Mosfellingur

Mosfellingur ársins 2023 er enginn annar en Dóri DNA. Dóri er fæddur og uppalinn í Mosfellsdalnum, sonur Guðnýjar Halldórsdóttur (Dunu) og Halldórs Þorgeirssonar (Dóra) í Melkoti. Dóri og samstarfslið hans slógu rækilega í gegn á síðasta ári með sjónvarpsþáttaseríuna „Afturelding.“

Dalalæðan spurði Dóra hvort hann hefði hug á að flytja aftur í Mosfellsdalinn. „Ég hef ætlað að flytja aftur í Mosfellsdalinn síðan ég flutti úr honum. En ég kynntist konu úr Hafnarfirðinum, sem gerir flutninga snúna. En gefðu mér tíu ár til að sannfæra hana og svo sjáumst við á Þorablótinu.“

HEYST HEFUR...

- ✓ að sumarblómasalan í Dalsgarði hafi tekist mjög vel og allt hafi selst upp fyrir lok sumarsins.
- ✓ að það vanti bílastæði á Æsustaðaveg en bara þegar markaðurinn er opin.
- ✓ að fleiri hestar en minnar sluppu út síðasta ár miðað við frásagnir vitna á facebook.
- ✓ að það búi svo margir læknar í Mosfellsdalnum að „heilbrigðisstofnun Dalbúa“ sé ekki fjarstæðukenndur möguleiki
- ✓ að uppselt hafi verið á þorablótið í ár.
- ✓ að í þrumuveðrinu í ágúst hafi internetið á Minna-Mosfelli sprungið við lítinn fögnuð ábúenda

STÓRAFMÆLI 2024

Eftirtaldir Dalbúar fagna stórafmæli á árinu

90 ára

Hreinn Ólafsson, Helgadal 17. júlí

85 ára

Kristján Ólafsson, Viði 25. apríl

80 ára

Pórarinn Jónasson, Laxnesi 26. apríl

Ásgeir Pétursson, Dalsbúi 6. júlí

Ásgerður Gísladóttir, Hrísrú 16. október

70 ára

Guðný Halldórsdóttir, Melkoti 23. janúar

Karl Karlsson, Ögn. 11. mars

60 ára

Jóhannes Sturlaugsson, Hraðastöðum 1 22. mars

Ásta Dóra Ingadóttir, Reykjahlíð 29. maí

Snorri Gíslason, Brekkukoti/Kýrgili 14. október

50 ára

Ýr Þórðardóttir, Hraðastaðavegi 5 10. mars

Rakel Baldursdóttir, Lundi 3 20. júlí

Dalalæðan óskar þessu góða fólki gæfu og hamingju



VÖGGUVÍSUR



Hafdís og Alistair

Hver man ekki eftir vögguvísunum sem svæfðu okkur í gamla daga, sem ömmur okkar sungu og kunnu utan að og sáu til þess að nánast allir uppaldir Íslendingar gætu í það minnsta raulað með? Mögulega er það dalbúunum Hafdís Huld Þrastardóttur og eiginmanni hennar Alistair Wright að þakka að kynslóð framtíðarinnar mun einnig geta raulað og sungið þessi lög.

Hafdís er sá tónlistarmaður sem Íslendingar hlusta hvað mest á og er samkvæmt Spotify dádasti tónlistarmaðurinn árið 2023. eru þar vinsælust lög af mest

streymdu plötu Spotify Vögguvísur sem, eins og nafnið bendir til, er sneisafull af vögguvísunum, meðal annars hið róandi lag, „Dvel ég í draumahöll“ sem einnig var vinsælasta lagið á Spotify. Vögguvísur kom út árið 2012 og er því búin að ná til ansi margra, og svæfa hluta þeirra!

Önnur yndisleg Hafdísarlög sem mörðu topp tíu lista Spotify eru: Litlar stjórnur, Sofðu unga ástin mín, Óska-steinar, Sofauptubörn, Bíumbíumbambaló og Ljós.



Dalsgarður

– við gerum rósir

Blómasala alla daga

kl. 9.00-12.00

Dalsgarði Mosfellsdal

Gísli Jóhannsson rósabóndi / rosefarmer

Dalsgarður, 270 Mosfellsbæ, Ísland

Sími/tel: +354 566 7490

Fax: +354 566 7610

Netfang/e-mail: dalsgardur@simnet.is

**VERKFÆRA
SALAN**

WWW.VFS.IS

BENSAHORNID



Bensi og Leira-Björk frá Naustum III

Mosdælingurinn knái Benedikt Ólafsson heldur áfram að gera góða hluti í hestamenskunni og svoleiðis tryllir lýðinn á skeiðvellinum. Enn eina ferðina varði hann íslandsmeistaratitil sinn í gæðingaskeiði með einkunn uppá 8,5 sem er sjaldséð í ungmennaflokki. Á Heimsmeistaratóti íslenska hestsins sem haldið var í Hollandi í ágúst gerði Bensi sér lítið fyrir og

varð heimsmeistari ungmenna í gæðingaskeiði og í samanlögðum fimmgangsgreinum. Fyrir þennan frábæra árangur á heimsmeistaratótinu hlaut hann sérstaka viðurkenningu frá Landssambandi hestamanna. Þetta voru ekki einu afrekin því hann varð í 1. Sæti á Reykjavíkurmótinu í gæðingaskeið og sigurvegari í liðakeppni Meistaradeildar ungmenna.



HÁGÆÐA SMUREFNI



Jóhannes:
896 1858
Roðamói 3

 www.facebook.com/Fluid-Film-á-Íslandi

ÞORRABLÓT 2023



Keli og Diddú



Helena, Helena, Sigga, Rakel og Júlí



Signý, Gunna, Birta, Tóta og Þröstur



Tóti og Gísli



Þorrablótshnefnd 2023

Sigríður, Sigrún, Gunný, Sigurdór, Helga, Silla og Einar

VEIÐIHORNID

Guðni Bjarnason á Hraðastöðum



Árið 2023 var svipað og árið þar á undan segir Guðni Bjarnason á Hraðastöðum í spjalli við Dalalæðuna. Þó voru þremur fleiri tófugreni unnin eða samtals 7 greni, í þeim voru 14 grendýr og 27 hvolpar. Í Mosfelli fannst nýtt greni á óvenjulegum stað og með óvenjulegum ábúendum. Þegar grenið, sem var moldargreni, var unnið náðist stór, hvít læða með fjóra stálpaða hvolpa og mórauður högni, öllu minni en læðan. Parið hefur verið úrræðagott og furðu vant nálægð við manninn en ummerki um brauð, hrossahildir og sorpúrgang fannst við grenið. Það má því segja að það hafi verið mildi að Hrísbúarbændur huga að girðingum reglulega og eru vakandi fyrir ummerkjum um ref. Í samræmi við fjölda grena sem unnin voru hefur lítið verið um ref á vappi í vetur og verður fróðlegt að heyra hversu mörg greni finnast í vor.

Í heildina voru 72 minkar veiddir árið 2023. Andastofninn hefur verið góður í

HEYRST HEFUR...

- ✓ að Siggi og Gunný hafi látið pússað sig saman á áramótunum

vetur, hrafnninn svipaður og árið 2022 en þó heldur færri, rjúpnastofninn í dalnum er afar lítill og þær rjúpur sem hér sjást eru fæstar staðbundnar. Nánast ekkert er um sílamáf í bæjarfélaginu og hjálpar þar reyndar refurinn við að halda því niðri. Uglum er eitthvað að fjölga hér og þegar mikið er um ref er fýlavarpíð minna svo að það hefur látið á sjá.

Guðni segir að grenjavinna sé hugsjónastarf og til að mynda sé Reykjavíkurborg hætt að ráða mannskap að liggja á grenum á höfuðborgarsvæðinu og á Kjalarnesi. Það má því búast við aukningu á refþar sem mun hafa áhrif á t.d. æðavarp og annað fuglalíf og spurning hvort ref muni fjölga hér í Mosfellssveitinni í kjölfarið. Að liggja á greni er erfitt og getur tekið langan tíma að staðsetja ný greni í allskonar veðri í júnímánuði. Það borgar sig því að vera heitfengur, sem Guðni staðfestir að hann sé, ýkjulaust.

Dalalæðan þakkar Guðna fyrir spjallið og góðar upplýsingar.



mynd: adobe Firefly

GLJÚFRASTEINN



Jagúarinn á Gljúfrasteini

Í ár mun þeim tímamótum verða fagnað að tuttugu ár eru liðin frá því að safnið á Gljúfrasteini opnaði, en það var 4. september 2004. Viðburðardagskrá verður kynnt síðar.

Dalbúar velta því eflaust fyrir sér hvort eitthvað sé að fréttu af framkvæmdum við Jónstótt. Vonir standa til þess að hægt verði að hefjast handa við að ljúka við hönnun og framkvæmdir innanhúss á þessu ári. Aftur á móti er óvíst hvenær vinna við Jónstóttarveg og hönnun og vinna við nýtt bílastæði hefst. Þegar þeim framkvæmdum verður lokið, mun núverandi aðkomu að Gljúfrasteini vera lokað og gestum og göngufólki beint upp Jónstóttarveg. Nýtt bílastæði mun verða mikil bragabót frá því sem nú er, enda er svæðið í kringum Gljúfrastein vinsælt útivistarsvæði. Göngufolk kann að meta gönguleiðina upp að Helgufossi.

Safnanótt var á öllu höfuðborgar svæðinu 3. febrúar, þá var vel heppnað opið hús á Gljúfrasteini þar sem leikin var tónlist af hljómplötum, leiðsögn og frítt inn.

Eins og undanfarin ár afhenti forseti Íslands hin íslensku þýðendaverðlaun í samstarfi við Bandalag þýðenda og túlka hér á Gljúfrasteini þann 24. febrúar

Í móttökunni stendur yfir sýning tileinkuð Erlendi í Unuhúsi sem ber yfirskriftina „En honum á ég flest að þakka“. Á sýningunni má sjá ljósmyndir af Erlendi í góðra vina hópi, orgel í anda organistans í Atómstöðinni. Viðburðir tengdir sýningunni verða kynntir í byrjun mars þegar aftur verður opið um helgar á Gljúfrasteini.

Jagúarinn sem hefur verið í allsherjar yfirhalningu í Borgarholtsskóla mun verða aftur til sýnis á hlaðinu við Gljúfrastein í sumar. Nemendur skólans undir dyggri handleiðslu fagkennara hafa unnið afmiklum metnaði við að endurbæta bílinn. Búið er að sprauta bílinn að nýju, taka upp vélina og fleira, þannig að bíllinn verður eins og nýr. Þetta góða samstarfsverkefni hefur notið stuðnings frá Stólpa gámum, B&L sem lagði til varahluti, aðstöðu og þekkingu og Paulsen sem lögðu til allt efni svo hægt væri að sprauta bílinn. Auk áhugafólks sem hefur stutt verkefnið með ráðum og dáðum.

ÍBÚAR Í MOSFELLSDAL
— Á FACEBOOK —



Glöggir íbúar Mosfellsdals hafa eflaust tekið eftir nýju bæjarskilti, Kýrgil, við Mosfellsafleggjarann. Þarna er á ferðinni alveg flunkunýtt bæjarheiti í Mosfellsdalnum sem sækir nafn sitt í samnefnt gil ofan við bæinn Brekkukot. Kýrgil liggur vestan við Hvirfil og er frægast fyrir að vera hugsanlegur felustaður silfursjóðs Egils Skallagrímssonar.

Snorri Gíslason og Guðrún Dís Magnúsdóttir fluttu inn í nýbyggt Kýrgil í maí 2022. Snorri er sonur hjónanna Gísla Snorrasonar og Önnu Steinarsdóttur í Brekkukoti.

HEYRST HEFUR...

- ✓ að ef Guðbergur verði næsti forseti þjóðarinnar verði Þingvallavegurinn loksins lagaður!
- ✓ að Ragnheiður og Stefán á Breiðafit stefni á fjárbúskap.
- ✓ að Hafdís Huld hafi látið í minni pokann fyrir veðrinu í nóvember sl. og þurft að aflýsa þrennum tónleikum í Bretlandi í kjölfarið

Aðspurður segir Snorri „Mamma á Kýrgil og ég er uppalinn þarna í gílinu svo það kom aldrei annað til greina en að nefna bæinn Kýrgil“ Snorri segir að sér finnist ómögulegt að notast ekki við bæjarheiti hérna í sveitinni, honum hugnaðist ekki að kenna sig við einhvern veg með númeri.

Við óskum þeim Snorra og Guðrúnu Dís til hamingju með nýja húsið og þetta skemmtilega bæjarheiti, en skyldi Snorri hafa rekist á silfursjóðinn þegar hann var að grafa grunninn?

P. EASTWOOD



Mörgum er margt til lista lagt en fer þó fremstur þar í flokki stórleikarinn og alþýðumaðurinn Þröstur, öðru nafni Eastwood. Hann hefur nú þegar komið fram í fjölmörgum hlutverkum, m.a. sem sjómaður og dansari. Samkvæmt Þresti er eiginlega galið að hann sé ekki nú þegar kominn með Edduna og við getum ekki annað en verið sammála. Slíkir hæfileikar og sjarmi eru náttúrulega ekki á færi hins almenna íslending. Við getum því verið þakklát að slíkur maður búi hér í dalnum meðal vor.

SVIPMYNDIR ÚR DALNUM



Vinátta

HF



Systkinin á Minna-Mosfelli

SR



Strætósýkli á heimsminjaskrá

HF



Hvar er pósturinn?

HF



Fallega kalt

SR



Leira-Björk ánægð með árangurinn

BÓ




Ungir eggjasalar

HF



Eldgosabjarmi yfir Helgafelli

SR



ÁTTU LJÓSMYND?

Þín ljósmynd gæti birtst í næstu Dalalæðu. Sendið myndina í góðum gæðum, nafn ljósmyndara og hvar myndin er tekin á siggarune@gmail.com

Víghóll, samtök íbúa í Mosfellsdal



Markaðsfræðingur

HF

MINNING

SIGURÐUR SKARPHÉÐINSSON, SIGTÚNI

f. 17.02. 1939 - d. 31.05. 2023

Sigurður Skarphéðinsson fæddist á Minna-Mosfelli í Mosfellsdal 17. febrúar 1939. Hann lést á hjúkrunarheimilinu Eir 31. maí 2023. Foreldrar hans voru Skarphéðinn Sigurðsson, f. 1885 og Katrín Guðmundsdóttir, f. 1900. Bræður Sigurðar voru Guðmundur Óskar f. 1923 og Skúli Viðar f. 1930. Eiginkona Sigurðar er Guðrún Vilborg Karlsdóttir, f. 1945. Þau giftust 1965. Börn þeirra eru: Skarphéðinn f. 1965, Karl f. 1966, Sigríður f. 1972, Guðmundur og Óskar f. 1973.

Mosfell og Minna-Mosfell, þessar gömlu bújarðir liggja samhliða í norðanverðum Mosfellsdal; á uppvaxtarárum mínum á Mosfelli bjuggu Skarphéðinn og Katrín á Minna-Mosfelli og síðan tók Guðmundur sonur þeirra við búinu. Hann var „bóndi af guðs náð“ var eitt sinn sagt um hann í Dalnum.

Á þeim árum var Sigurður ævinlega kallaður Siggí á Minna, hann valdi sér aðra lífsleið, mér er þó í barnsminni þegar hann ók um túnin í dalnum á dráttarvél og sló ilmandi grasið inn í bjarta sumar-nóttina. Það voru einmitt dráttarvélar sem urðu ævilangt viðfangsefni Siggga og vandfundinn sá maður sem var betur að sér á þeim vettvangi.

Ég á einnig góðar minningar um Siggga sem ungmennafélaga, hann var mikill leiðtogi á því sviði, formaður Aftur-eldingar rúmlega tvítugur og á árunum 1970-1974 gegndi hann formennsku í Ungmennasambandi Kjalarnesþings (UMSK). Um störf sín innan sambandsins



sagði hann í viðtali fyrir nokkrum árum: „Þetta voru skemmtileg og gjöful ár í mínu lífi. Ég hef bara fundið fyrir þakklæti hjá fólki og maður er enn að hitta fólk á fönnum vegi sem heilsar mér og segist muna eftir mér frá þessum UMSK-árum. Fólk sem var kornungt þá en er kannski orðið sextugt í dag. Það er bara gaman að því þegar það gerist.“

Siggí var mikill útivistarmaður, hann gjörþekkti náttúru og sögu dalsins og gekk löngum um sínar heimaslóðir, léttur í spori. Örlögin höguðu því þannig að við Siggí og fjölskyldur okkar urðum nágrennar í Mosfellsdal, þar á milli hefur ævinlega verið traust vinátta sem gott er að minnast.

Bjarki Bjarnason.


MINNING

RAGNHEIÐUR GÍSLASON, LAXNESI

f. 30.06. 1942 - d. 18.12. 2023

Heiða í Laxnesi fæddist 30. júní 1942 í Reykjavík. Hún lést á Borgarspítalanum í faðmi fjölskyldunnar 18. desember 2023 eftir stutt veikindi. Foreldrar hennar voru Ingibjörg Jónsdóttir Gíslason húsmóðir, f. 1915 og Bergur G. Gíslason forstjóri, f. 1907. Systkini Heiðu voru Þóra Sandholt f. 1938, tvíbúararnir Gerður og Bergljót f. 1943 og yngst er Ása f. 1950. Eiginmaður Heiðu er Þórarinn Jónasson í Laxnesi, kallaður Þóri í Laxnesi, f. 1942. Börnin eru þrjú: Dís, Þórunn Lára f. 1968 og Haukur Hilmar f. 1975.

„Mér er ljúfsárt að minnst Heiðu vinkonu minnar. Minningarnar eru þó einkum skemmtilegar, því að alltaf var gaman hjá okkur. Allir sem þekktu Heiðu vita hversu yndisleg hún var, létt í lund, kát, jákvæð, gullfalleg og ekki síst dugleg. Á æskuárum lágu garðarnir okkar saman við Laufásveg og Smáragötu. Gatan, garðarnir, garðveggirnir og trén í hverfinu voru leikvangurinn þar sem við klifurkettirnir þekktum hvert tré og fórum oft í þrautakóng, sem Heiða var sérlega góð í, enda bæði fim og sterk. Úti á götu var farið í hornabolta, stórfiskaleik og brennó. Við nutum þess að einn leikfélagi okkar, Jón Þ. Ólafsson, kenndi okkur kúluvarp, hástökk, lang- og þristökk og örvaði okkur til dáða – en lengi vel stukkum við Heiða yfir alla brunahana sem urðu á vegi okkar. Heiða var fljót að hlaupa og gat staðið á blátá, og sótti ballettíma hjá Bidsted í Þjóðleikhúsinu. 10 ára skiptum við vinkonurnar pilsu og kjólum út



fyrir gallabuxur og klipptum hárið stutt. Við áttum dálka sem héngu í beltum, og boga sem við skutum úr úti í garði. 14 ára leigðum við skellinöðrur í Skólastrætinu, geystust um göturnar og vorum kallaðar strákastelpur – en það átti eftir að breytast þegar við dvöldum í Chelsea í London 1960-61 og Mary Quant og fleiri stjórnur gengu um götur og komu með nýjustu tískuna. Heiða var bæði kappsöm og kjörkuð. Þegar 7 hæða Moggahöllin var í byggingu í Aðalstræti var efnt til keppni meðal okkar unglínganna um hver yrði fyrstur upp og niður vinnupallana. Heiða sá fram á að einn strákanna yrði fyrstur niður en lét sig húrra niður tvær hæðir og vann. Við stunduðum dansæfingar hjá Rigmor í Gúttó og tjúttuðum í Breiðfirðingabúð milli 5 og 7 þar sem nýjar

frh. á bls. 19

MINNING

LOGI ÞÓRIR JÓNSSON, SELVANGI

f. 01.05. 1945 - d. 14.12. 2023

Logi Þórir Jónsson fæddist 1. maí 1945 í Reykjavík. Hann lést á líknardeild Landspítalans 14. desember 2023. Hann var sonur hjónanna Þóru Jónsdóttur húsmóður frá Stokkseyri og Jóns Kristins Steinssonar bifvélavirkja frá Siglufirði. Systkini Loga eru Sigurður Steinn, f. 1942, og tvíburarnir Smári og Viktoría, f. 1948. Logi kvæntist Helgu Láru Hólm árið 1970. Logi og Helga hófu búskap í Reykjavík en bjuggu lengst af, eða í hálfu öld, á Selvangi í Mosfellsdal. Börn þeirra eru: drengur fæddur og dáinn 1970, Eva Lára f. 1971, Sunna Ósk f. 1973, Jóhanna f. 1976 og Oddný Þóra f. 1986.

„Ég vildi óska þess að ég gæti leikið mér svona“ eða „ég fæ aldrei að gera neitt þessu líkt“. Svona hljómuðu flest svör við sögum frá Selvangi og því sem ég hafði brallað með afa í sveitinni þegar ég sagði bekkjarfélögumum í grunnskóla þær. Aldrei höfðu þeir smíðað kassabíl eða fengið að setja urriða í heita pottinn. Væntanlega hefðu flestir afar fussað yfir því að heiti potturinn væri tekinn í gíslingu yfir heilt sumar, en ekki afi minn. Hann fór í Fóðurbloðduna og sótti eldisfóður handa þeim, sendi myndir af þeim á Hóla í kyngreiningu og útbjó síðan handa mér litla kví sem ég svo dröslaði niður að Leirtjörn og setti í seiði sem ég háfaði upp. Svo má ekki gleyma hugdettunni um að moka garðinn hennar ömmu í sundur og gera risastóra holu í hann, dúkleggja og fylla af vatni og búa til tjörn. Með afa gat ég látið alla drauma rætast.



Bátar, þeir hafa líka verið í upphaldi. Allir þessir klukkutímar sem við eyddum niðri í kjallara í „Bátaverkstæði Arnars og Loga“ gleymast aldrei. Ég hef sjaldan montað mig jafn mikið á ævinni og þegar ég sagði félögumum frá landhelgisgæsluskipinu sem ég var að smíða með afa. Skipið var með byssu sem hreyfðist og hátalara sem líkti eftir díselmótor. Aldrei hugsaði ég út í hvort afi gæti smíðað bát með mér, ég vissi alltaf að hann gæti gert allt.

Aldrei lenti ég í því að hann vissi ekki eitthvað sem ég spurði um. Hann hafði einfaldlega alltaf svör við öllum mínum spurningum og ýtti undir allar hugmyndir mínar. Ekkert var ómögulegt. Að einn maður hafi lært allt það sem afi minn vissi finnst mér kraftaverki líkast.

Fyrir nokkrum árum var ég í vandræðum með að finna húsnæði. Þá

frh. Logi

fæddist sú hugmynd að ég myndi smíða mitt eigið hús í sveitinni enda hóf ég að læra smíðar um þetta leyti. Afi tók strax vel í þetta og hjálpaði mér við allan undirbúning. Hann fylgdist spenntur með litla húsinu rísa og áfram héldum við að búa til góðar og fallegar minningar saman í sveitinni okkar. Óteljandi stundir áttum við í bílskúrnum að spjalla. Um sannarlega allt milli himins og jarðar.

Afi var mér innblástur alla tíð og verður það áfram. Ef það er einhver sem ég hef litið upp til í lífinu og vil líkjast þá er það hann.

Afi minn. Að alast upp með þér voru forréttindi. Ég var ekki auðveldasta barnabarn í heimi en þú lést mér alltaf líða eins og prinsí. Ég verð þér eilíflega þakklátur og hlakka til að kenna börnunum mínum allt það sem þú kenndir mér. Nafni þinn, Atlas Logi, er þegar farinn að hlusta á sögur um þig – manninn sem lét draumana rætast.

Arnar Logi Hólm.

frh. Heiða

plötur voru spilaðar og hljómsveitir léku fyrir dansi. Ekki létum við okkar eftir liggja þegar kom að útivist í náttúru Íslands. Foreldrar Heiðu áttu bústað í Arnarfelli við Þingvallavatn þar sem voru klettur, stöðuvatn og hreindýr. Farið var á skíði í Hveradölum og síðar fórum við reglulega í sund í gömlu laugunum og í fjallgöngur með Ferðafélaginu. Sumarið 1957 voru við á Isle of Wight í enskunámi og ári síðar fengum við sumarvinnu hjá Morgunblaðinu. Heiða var ávallt eftirsóttur starfskraftur, enda hörkudugleg, trygg og skapgóð. Í hestaleigunni í Laxnesi var kappnóg að gera en alltaf gaf hún sér tíma til að koma við hjá mér. Á veturna mætti hún eldsnemma til vinnu í Tjaldanesi; gekk úr Laxnesi í öllum veðrum og hafði gjarnan orð á því hversu notalegt væri að fá sér heitt kaffi með samstarfsfólkinu áður en farið var að sinna vistmönnum. Til marks um yndislega vináttu okkar, þá skírðum við Jói yngri dóttur okkar eftir Heiðu. Sjálf var hún skírð Ragnheiður en hún var alltaf Heiða í mínum huga. Og hún var Heiðu dóttur minni ávallt góð, og allri minni fjölskyldu. Við vinkonurnar náðum fyrir skemmstu að fagna saman áttræðisafmæli beggja en nú er komið að leiðarlokum. Við fjölskyldan, Dadí, og Soffi og Dieter í Þýskalandi, minnumst Heiðu með gleði og hlýju og vottum Póra og fjölskyldunni okkar innilegustu samúð.

Hanna Gunnarsdóttir

FRJÁLS FRAMLÖG

Þeir sem vilja styrkja útgáfu
Dalalæðunnar geta greitt inn á
reikning félagsins
315-26-6411

Kennitala: 641198-2779

Víghóll, samtök íbúa í Mosfellsdal




Ljósmynd frá stríðsárunum. Minna-Mosfell ber við makka hestsins og frammar er Lundur. Myndin er fengin af facebooksíðunni „gamlar myndir úr Mosfellsveit“

BRAKANDI FERSKT SALAT



Í fararbroddi í salatframleiðslu!



Lambhagi hefur um árabil verið í fararbroddi í salatframleiðslu á Íslandi. Fyrirtækið hefur verið framsækið í því að tileinka sér bestu mögulega tækni til þess að rækta hágaða vöru við bestu aðstæður. Engin eitrefni eru notuð við framleiðslu Lambhagasalats. Framleiðslan fer fram á yfir 5.000 fermetrum allan ársins hring við skilyrði sem tryggja hámarksgæði.

VINNUSTOFA ÞÓRU
&
BÓKAÚTGÁFAN
FRÁ HVIRFLI TIL ILJA

Bjarki Bjarnason

Þóra Sigurbórsdóttir



**Fasteignasala
Mosfellsbæjar**

**FASTMOS.IS
586-8080**

**GRÆNMETISMARKAÐUR
TJALDSTÆÐI**



**MOSSKÓGAR
S. 663 6173**



Booking.com



MINNA-MOSFELL
Guesthouse

www.minnamosfell.is



 **Gislason**

VIÐGERÐIR EHF.

Völuteigi 25

587 2060


DÝRALÆKNIRINN
Mosfellsbæ

Urðarholti 2
270 Mosfellsbæ

Sími 566 5066 | 660 0633

Opð: 9 - 18 alla virka daga

Neyðarvakt dýraspítala höfuðborgarsvæðisins opin allan sólarhringinn
530 4888



GK
VIÐGERÐIR

566 6257

Flugumýri 16c, Mosfellsbæ

JÓLASTUÐ

Ljós. Lækjarnes

Í desember bauð Skógrækt Mosfellsbæjar dalbúum að koma og næla sér í tré fyrir jólin, á spotprís. Víghóll stóð sína plikt og boðið var upp á kakó og

smákökur og óvenju gott veður í þetta skiptið ... enda gaus tveimur dögum seinna! Lækjarnes skemmti sér manna mest og sendi okkur myndir.



Vel valið tré



Jólastemning og stuð



Glimrandi útsýni yfir dalinn



Svo er þessu bara reddað heim í stofu

Vatnsborun Árna Kóps

Árni Kópsson
893-5699

Ásta Sif
663-1033



www.vatnsborun.is

Íslenskur kalkúnn

gæði í yfir 60 ár



Hollur hátíðarmatur

Fylltur kalkúnn
fullkomnar veisluna

Uppskriftir og
eldunarleiðbeiningar á
kalkunn.is



Holda
KALKÚNN



PRENTAÐU MINNINGAR

PIXEL.IS

LJÓSMYNDABÓK

Varðveittu minningarnar

BOÐSKORT

Gríðarlega margir
möguleikar

STRIGAMYND

Frábær gjöf til þeirra
sem þér þykir vænt um

LJÓSMYNDIR

Prentaðu út allar uppták
ljósmyndirnar þínar

VEGGSPJALD

Veggspjald, plakat, stórt
eða lítið skiptir ekki máli

NAFNSPJALD

Hannaðu þitt
eigið nafnspjald!

DAGATAL

Tilvalin gjöf til allra

RAMMAMYND

Falleg mynd limd á
foamplötu í ramma